

## **Sveiflur í óveðrum hlémegin fjalla**

Hálfván Ágústsson<sup>1,2</sup>, Sigvaldi Árnason<sup>2</sup> og Haraldur Ólafsson<sup>1,2</sup>

1) Háskóli Íslands og Reiknistofa í veðurfræði, 2) Veðurstofa Íslands  
halfdana@hi.is

Í óveðrum hlémegin fjalla á Snæfellsnesi eru í sumum tilfellum gerðar mælingar með mikla upplausn í tíma (1 sekúnda). Sveiflur í vindhraða eru greindar og athugaðar fyrir mismunandi vindhraða og mismunandi mælistaði. Tíðnigreining með “wavelet”-aðferð bendir til að sveiflutími milli hámarka í vindhraða sé nærri 10 mínútum. Niðurstöðurnar eru ræddar með tilliti til lóðréttrar færslu bylgjuorkunnar og kenninga um bylgjubrot ofan fjalla.